

Breytingartillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna vegna tillögu ungmennaráðs Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða um skólasund

Skóla- og frístundaráð leggur til að frá og með skólaárinu 2022 – 2023 verði nemendum í 8. bekk kynntur sá möguleiki að þeir geti haft val um að ljúka hæfniviðmiðum skólasunds í 9. bekk. Þeim nemendum sem ljúka hæfniviðmiðum skólasunds í 9. bekk verði boðið upp á að dýpka þekkingu sína og færni í öðrum greinum skólaípróttar og jafnframt tryggt að nemendur fái þann tíma til hreyfingar sem viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár segir til um.

Greinargerð:

Aðalnámskrá grunnskóla (2011) felur í sér almenna heimild fyrir nemendur að ljúka hæfniviðmiðum einstakra námsgreina eða -sviða á skemmri tíma en 10 árum. Skólastjóri hvers grunnskóla metur og tekur ákvörðun um hvort slíku skilyrði hafi verið mætt í hverju tilviki fyrir sig. Í aðalnámskrá grunnskóla er miðað við að nemendur fái a.m.k. einn sundtíma í hverri viku skólaársins eða ef ekki er hægt að koma því við fái nemendur að lágmarki 20 sundtíma á ári. Þær stundir, sem eftir standa, skal nýta til skólaípróttar.

Í aðalnámskrá grunnskóla kemur jafnframt fram að hafi nemendur náð hæfni- og matsviðmiðum í 8. eða 9. bekk í tiltekinni námsgrein þ.m.t. skólasundi beri að bjóða þeim að dýpka þekkingu sína í námssviðum grunnskólans eða fjölbreytt val í öðrum greinum, allt eftir áhuga þeirra. Skv. álit mennta- og menningarmálaráðuneytisins er eðlilegt að bjóða þeim nemendum sem uppfylla lokaviðmið í sundi að dýpka þekkingu sína í skólaípróttum allt eftir áhuga þeirra.

Í könnun sem gerð var í lok skólaárs 2020 – 2021 meðal þeirra grunnskóla borgarinnar sem eru með unglingastig kom í ljós að flestir skólar bjóða nú þegar nemendum í 9. bekk að taka stöðupróf í sundi og ljúka þar með hæfniviðmiðum aðalnámskrár í skólasundi. Þeir fáu skólar sem ekki höfðu boðið upp á þennan möguleika á síðasta skólaári munu gera það á næsta skólaári.

Með tillögunni er stuðlað að auknum möguleikum nemenda til að dýpka þekkingu sína eða færni í einstökum greinum skólaípróttar eða öðrum tækifærum til hreyfingar að eigin vali sem getur stuðlað að því að þeir geri reglubundna hreyfingu að hluta af sínum lífsstíl til framtíðar. Um leið er stuðlað að því að draga úr andlegri vanlíðan og kvíða unglinga yfir því að þurfa að sækja skólasund eins og fram kemur í greinargerð með tillögu fulltrúa í Reykjavíkurráði ungmenna frá 11. júní 2021.